

Í FRÉTTUM ER

ÞETTA HELST

JÚLÍ



FJÖLDI UMSÓKNA

Auglýst var starf verkefnisstjóra Sóknaráætlunar Norðurland vestra. Alls bárust **19 umsóknir** um stöðuna og er ánægjulegt að sjá þennan mikla áhuga á því að starfa í þágu uppbyggingar Norðurlands vestra.



SKÝRSLA UM SMÁVIRKJANAKOSTI Á NORÐURLANDI

Út er komin skýrslan Norðurland - kortlagning smávirkjanakosta, sem unnin er af Verkfræðistofunni Vatnaskilum fyrir Orkustofnun. Eru þar skoðaðir hugsanlegir virkjanakostir í sveitarfélögunum á Norðurlandi.



HLAÐVARP MÁNAÐARINS

Viðmælandi hlaðvarps mánaðarins, Fólkið á Norðurlandi vestra, var **Edda Brynleifsdóttir** á Blönduósi



MENNINGAR- VIÐBURÐIR

Á Norðurlandi vestra er öflugt mannlíf og fjöldinn allur af menningarviðburðum.

Viðburðadagatal SSNV var uppfært með öllum helstu viðburðum í landshlutanum.



SUMAR- STARFSMAÐUR

María Dís Ólafsdóttir hóf störf sem sumarstarfsmaður hjá SSNV, hún mun starfa við glatvarmaverkefni við gagnaverið á **Blönduósi**. Verkefnið hlaut nýverið styrk frá umhverfis- og auðlindaráðuneytinu og miðar að því að finna leiðir til að nýta varma sem frá gagnaverinu kemur til verðmætasköpunar. María Dís hefur lokið MS gráðu í lífverkfræði frá Háskóla Íslands og hóf hún störf í lok júní.



NÝR LIÐSMAÐUR

Ástrós Elísdóttir hefur verið ráðin til SSNV sem verkefnisstjóri Sóknaráætlunar landshlutans og atvinnuráðgjafi. Meðal verkefna Ástrósar verður umsjón með framkvæmd Sóknaráætlunar landshlutans, þ.m.t. úthlutunarferli Uppbyggingarsjóðs, skýrslugerð, samskipti við styrkþega og upplýsingamiðlun um framgang áætlunarinnar. Hún mun jafnframt sinna almennri atvinnuráðgjöf með sérstakri áherslu á stuðning við menningartengda starfsemi á Norðurlandi vestra.



SÓKNARÁÆTLUN
NORÐURLANDS VESTRA

2021

FYRIR NORÐURLAND VESTRA